AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

Hinn 11. júní 1986 var bókun um breytingu á samþykkt frá 2. febrúar 1971 um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, undirrituð fyrir hönd Íslands, án fyrirvara um fullgildingu. Bókunin var gerð í París 3. desember 1982. Hún öðlast gildi 1. október 1986.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. júlí 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

um breytingu á samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

Samningsaðilar,

sem telja að fjölga verði aðilum að samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, er gerð var að Ramsar 2. febrúar 1971 (hér eftir nefnd „samþykktin"), svo hún hafi tilætluð áhrif;

sem gera sér ljóst að með jafngildum textum á fleiri tungumálum megi auðvelda fleiri ríkjum þátttöku;

sem einnig hafa í huga að í texta samþykktarinnar er ekki mælt fyrir um hvernig henni skuli breytt, og að það geri erfitt fyrir um þær breytingar á texta hennar sem talið kann að vera nauðsynlegt að gera;

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Eftirfarandi grein skal felld inn á milli 10. gr. og 11. gr. samþykktarinnar:

„10. gr. bis.

1. Samþykkt þessari má breyta á fundi samningsaðilanna sem efnt er til í því skyni samkvæmt grein þessari.

2. Sérhver samningsaðili getur gert tillögur um breytingar á samþykktinni.

PROTOCOL

to Amend the Convention on Wetlands of International Importance especially as Waterfowl Habitat

The Contracting Parties,

CONSIDERING that for the effectiveness of the Convention on Wetlands of International Importance especially as Waterfowl Habitat, done at Ramsar on 2nd February 1971 (hereinafter referred to as "the Convention"), it is indispensable to increase the number of Contracting Parties;

AWARE that the addition of authentic language versions would facilitate wider participation in the Convention;

CONSIDERING furthermore that the text of the Convention does not provide for an amendment procedure, which makes it difficult to amend the text as may be considered necessary;

HAVE AGREED as follows:

Article 1

The following Article shall be added between Article 10 and Article 11 of the Convention:

"Article 10 bis

1. This Convention may be amended at a meeting of the Contracting Parties convened for that purpose in accordance with this Article.

2. Proposals for amendment may be made by any Contracting Party.

3. Tilkynna skal stofnun þeirri eða ríkisstjórn, sem annast skrifstofuhald samkvæmt samþykktinni (hér eftir nefnd „skrifstofan"), texta allra breytingatillagna og ástæður fyrir þeim, og skal skrifstofan þegar tilkynna þetta til allra samningsaðila. Allar athugasemdir samningsaðila við textann skulu tilkynntar skrifstofunni innan þriggja mánaða frá þeim degi er skrifstofan tilkynnti þeim um breytingarnar. Skrifstofan skal þegar er frestur til athugasemda er liðinn tilkynna samingsaðilum um allar athugasemdir sem henni hafa borist til þess dags.

4. Ef þriðjungur samningsaðila fer fram á það skriflega skal skrifstofan boða til fundar samningsaðila til að fjalla um breytingar sem tilkynnt er um samkvæmt 3. mgr. Skrifstofan skal hafa samráð við samningsaðila um fundartíma og fundarstað.

5. Breytingar skulu teljast samþykktar með atkvæðum tveggja þriðju hluta þeirra samningsaðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða.

6. Breyting sem samþykkt er skal taka gildi gagnvart þeim samningsaðilum, sem hafa staðfest hana, á fyrsta degi fjórða mánaðar eftir þann dag er tveir þriðju hlutar samningsaðilanna hafa afhent vörsluaðila staðfestingarskjöl sín. Gagnvart samningsaðila, sem afhendir staðfestingarskjal sitt eftir þann dag er tveir þriðju hlutar samningsaðilanna hafa afhent staðfestingarskjöl sín, skal breytingin taka gildi á fyrsta degi fjórða mánaðar eftir að staðfestingarskjal hans hefur verið afhent."

2. gr.

Í lokaákvæði því sem fylgir 12. gr. samþykktarinnar skulu orðin „Séu þau ósamhljóða skal enski textinn gilda" felld niður, en í stað þeirra komi orðin „Allir textar skulu jafngildir".

3. gr.

Endurskoðaður texti hinnar upphaflegu frönsku útgáfu samþykktarinnar fylgir bókun þessari sem viðbætir.[1]

1. Ekki birtur hér.

3. The text of any proposed amendment and the reasons for it shall be communicated to the organization or government performing the continuing bureau duties under the Convention (hereinafter referred to as "the Bureau") and shall promptly be communicated by the Bureau to all Contracting Parties. Any comments on the text by the Contracting Parties shall be communicated to the Bureau within three months of the date on which the amendments were communicated to the Contracting Parties by the Bureau. The Bureau shall, immediately after the last day for submission of comments, communicate to the Contracting Parties all comments submitted by that day.

4. A meeting of Contracting Parties to consider an amendment communicated in accordance with paragraph 3 shall be convened by the Bureau upon the written request of one third of the Contracting Parties. The Bureau shall consult the Parties concerning the time and venue of the meeting.

5. Amendments shall be adopted by a two-thirds majority of the Contracting Parties present and voting.

6. An amendment adopted shall enter into force for the Contracting Parties which have accepted it on the first day of the fourth month following the date on which two thirds of the Contracting Parties have deposited an instrument of acceptance with the Depositary. For each Contracting Party which deposits an instrument of acceptance after the date on which two thirds of the Contracting Parties have deposited an instrument of acceptance, the amendment shall enter into force on the first day of the fourth month following the date of the deposit of its instrument of acceptance."

Article 2

In the testimonium following Article 12 of the Convention, the words "in any case of divergency the English text prevailing" shall be deleted and replaced by the words "all texts being equally authentic".

Article 3

The revised text of the original French version of the Convention is reproduced in the Annex to this Protocol.[1]

1. Not reproduced here.

4. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar í aðalstöðvum Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna í París frá 3. desember 1982 að telja.

5. gr.

1. Sérhvert ríki, sem getið er um í 2. mgr. 9. gr. samþykktarinnar, getur gerst aðili að bókun þessari með

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki,

b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki, ásamt síðari fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki, eða

c. yfirlýsingu um aðild.

2. Fullgilding, viðurkenning, samþykki eða yfirlýsing um aðild skal fara fram með afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykkis- eða aðildaryfirlýsingarskjals til aðalritara Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (hér eftir nefndur „vörsluaðili").

3. Sérhvert ríki, sem gerist aðili að samþykktinni eftir að bókun þessi hefur tekið gildi, skal talið aðili að samþykktinni eins og henni er breytt með bókun þessari, nema því sé lýst yfir við undirritun eða afhendingu skjals, sem tilgreint er í 9. gr. samþykktarinnar, að ætlunin sé önnur.

4. Sérhvert ríki, sem gerist aðili að bókun þessari án þess að vera aðili að samþykktinni, skal talið aðili að samþykktinni, eins og henni er breytt með bókun þessari, frá þeim degi er bókun þessi tekur gildi gagnvart því ríki.

6. gr.

1. Bókun þessi skal taka gildi á fyrsta degi fjórða mánaðar eftir þann dag er tveir þriðju hlutar þeirra ríkja, sem aðilar eru að samþykktinni á þeim degi er bókun þessi er lögð fram til undirritunar, hafa undirritað hana án fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki, eða hafa fullgilt hana, viðurkennt eða samþykkt, eða lýst yfir aðild sinni að henni.

2. Gagnvart ríki, sem gerist aðili að bókun þessari á þann hátt sem lýst er í 1. og 2. mgr. 5. gr. hér að ofan eftir gildistökudag hennar, skal hún taka gildi á þeim degi sem hún er undirrituð án fyrirvara um fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki, eða hún er fullgilt, viðurkennd eða samþykkt, eða aðild lýst yfir.

Article 4

This Protocol shall be open for signature at Unesco headquarters in Paris from 3 December 1982.

Article 5

1. Any State referred to in Article 9, paragraph 2, of the Convention may become a Contracting Party to this Protocol by:

a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval;

b) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval;

c) accession.

2. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession with the Director-General of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization (hereinafter referred to as "the Depositary").

3. Any State which becomes a Contracting Party to the Convention after the entry into force of this Protocol shall, failing an expression of a different intention at the time of signature or of the deposit of the instrument referred to in Article 9 of the Convention, be considered as a Party to the Convention as amended by this Protocol.

4. Any State which become a Contracting Party to this Protocol without being a Contracting Party to the Convention, shall be considered as a Party to the Convention as amended by this Protocol as of the date of entry into force of this Protocol for that State.

Article 6

1. This Protocol shall enter into force the first day of the fourth month following the date on which two thirds of the States which are Contracting Parties to the Convention on the date on which this Protocol is opened for signature have signed it without reservation as to ratification, acceptance or approval, or have ratified, accepted, approved or acceded to it.

2. With regard to any State which becomes a Contracting Party to this Protocol in the manner described in paragraph 1 and 2 of Article 5 above, after the date of its entry into force, this Protocol shall enter into force on the date of its signature without reservation as to ratification, acceptance, or approval, or of its ratification, acceptance, approval or accession.

3. Gagnvart ríki, sem gerist aðili að bókun þessari á þann hátt sem lýst er í 1. og 2. mgr. 5. gr. hér að ofan á tímabilinu frá þeim degi er hún er lögð fram til undirritunar og þar til hún tekur gildi, skal hún taka gildi á þeim degi sem tilgreindur er í 1. mgr. hér að ofan.

3. With regard to any State which becomes a Contracting Party to this Protocol in the manner described in paragraph 1 and 2 of Article 5 above, during the period between the date on which this Protocol is opened for signature and its entry into force, this Protocol shall enter into force on the date determined in paragraph 1 above.

7. gr.

1. Frumrit bókunar þessarar, á enskri og franskri tungu, skal afhent vörsluaðila og eru báðir textar jafngildir. Vörsluaðili skal senda staðfest afrit beggja texta til allra ríkja sem hafa undirritað bókun þessa eða afhent aðildaryfirlýsingarskjal vegna hennar.

2. Vörsluaðili skal svo fljótt sem auðið er tilkynna öllum aðilum að samþykktinni og öllum ríkjum sem undirritað hafa bókun þessa eða lýst yfir aðild að henni um

a. undirritanir bókunar þessarar,

b. afhendingar undirritunar-, fullgildingar- og viðurkenningarskjala vegna bókunar þessarar,

c. afhendingar aðildaryfirlýsingarskjala vegna bókunar þessarar, og

d. gildistökudag bókunar þessarar.

3. Þegar bókun þessi hefur tekið gildi skal vörsluaðili láta skrásetja hana hjá aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna samkvæmt ákvæðum 102. gr. stofnskrárinnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullgilt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í París 3. desember 1982.

Article 7

1. The original of this Protocol, in the English and French languages, each version being equally authentic, shall be deposited with the Depositary. The Depositary shall transmit certified copies of each of these versions to all States that have signed this Protocol or deposited instruments of accession to it.

2. The Depositary shall inform all Contracting Parties of the Convention and all States that have signed and acceded to this Protocol as soon as possible of:

a) signatures to this Protocol;

b) deposits of instruments of ratification, acceptance, or approval of this Protocol;

c) deposits of instruments of accession to this Protocol;

d) the date of entry into force of this Protocol.

3. When this Protocol has entered into force, the Depositary shall have it registered with the Secretariat of the United Nations in accordance with Article 102 of the Charter.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed this Protocol.

Done at Paris on 3 December 1982.

4. júlí 1986 Nr. 11

AUGLÝSING

um samning um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

Hinn 13. júní 1986 var framkvæmdastjóra Alþjóðahugverkastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar sem gerður var í Stokkhólmi 14. júlí 1967 og undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag. Alþingi hafði með ályktun 17. apríl 1986 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 13. september 1986.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. júlí 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.